

Marina Travel ehf.
Einar Kristjánsson,
framkvæmdastjóri
Hólabraut 20
780 HÖFN

Garðabær, 23. júní 2017
2017060002/42-0
TB
tb

Marina Travel, gistiskip í Hornafjarðarhöfn

Sæll Einar, vísað er til bréfs þíns, dags. 31. maí sl., þar sem þú óskar eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um hugmyndir Marina Travel ehf. um að staðsetja skip, gistiskip, innan hafnarsvæðis Hornafjarðarhafnar nánar tiltekið norðan Álögareyjar. Svæðið sem um ræðir er á náttúruminjaskrá. Í bréfinu kemur jafnframt fram að málið hafi verið kynnt fyrir skipulagsnefnd Hornafjarðarbæjar en að nefndin vilji ekki taka afstöðu til málsins fyrr en umsagnir liggi fyrir frá Náttúrufræðistofnun Íslands og jafnframt Umhverfisstofnun og Skipulagsstofnun vegna matsskyldu.

Í 68. gr. laga um náttúruvernd segir: **Við gerð deiliskipulags á náttúruverndarsvæðum, á svæðum sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. og frummatsskýrslu framkvæmdaraðila vegna mats á umhverfisáhrifum skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og viðkomandi náttúruverndarnefnda.** Samkvæmt þessu á Náttúrufræðistofnun að veita umsagnir þegar mál eru komin í framangreindan farveg.

Að mati Náttúrufræðistofnunar þarf sveitarfélagið að taka afstöðu til þess hvort það heimili að unnið sé að t.d. deiliskipulagi fyrir gistiskip því ekki er ljóst hvort sveitarfélagið vilji eða geti séð af því svæði sem Marina Travel ehf vill nota. Deiliskipulagsferlið (matsferli?) leiðir síðan í ljós, m.a. út frá náttúrufari, hvort framkvæmdin verður heimiluð.

Ef Náttúrufræðistofnun á að veita umsögn á þessu stigi málsins þá þyrfti stofnunin að kynna sér málið, þ.e. draga saman ýmis náttúrufarsgögn er málið varðar og jafnvel gera vattvangskannanir án þess að vita hvort sveitarfélagið hyggst nota þetta tiltekna svæði eða ekki. Þetta krefst vinnu af hálfu stofnunarinnar. Í málum sem þessum er það framkvæmdaraðilinn sem á að útvega gögn í málinu, í þessu tilfalli náttúrufarsgögn. Það er síðan hlutverk Náttúrufræðistofnunar, fari málið í lögformlegt ferli, að meta og gefa álit á því hvort viðkomandi framkvæmd kunni að valda t.d. umtalsverðum umhverfisáhrifum eða ekki allt eftir eðli framkvæmdarinnar. Óski framkvæmdaraðili, hvort sem það er opinber aðili, fyrirtæki eða einstaklingur, eftir því að Náttúrufræðistofnun taki saman upplýsingar um náttúrufar á einstökum svæðum vegna fyrirhugaðra framkvæmda, t.d. áður en eiginlegt

deiliskipulagsferli er hafið, þá telst það ráðgjafaverk sem þarf að greiða fyrir. Allar útgefnar upplýsingar sem hægt er að finna, t.d. í gegnum vef stofnunarinnar, eru hins vegar Marina Travel og öðrum fjálst að nota þeim að kostnaðarlausu.

Það er niðurstaða Náttúrufræðistofnunar að sveitarfélagið þarf að taka afstöðu til þess hvort hún heimilar að farið sé í vinnu við gerð deiliskipulags fyrir gistiskip Marina Travel ehf, og/eða farið sé í aðrar breytingar á skipulagi eða athugað með matsskyldu framkvæmdarinnar, áður en Náttúrufræðistofnun getur veitt umsögn samkvæmt framangreindri lagagrein.

Virðingarfyllt

Trausti Baldursson
forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafadeildar